

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 23. ágúst kl. 10:05, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 740. embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Björn Ingi Edvardsson, Lilja Grétarsdóttir, Margrét Þormar, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Birkir Ingibjartsson, Haukur Hafliði Nínuson, Hildur Gunnarsdóttir, Guðlaug Erna Jónsdóttir og

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

1. **Borgartún 24, breyting á deiliskipulagi** (01.221.1) Mál nr. SN190382
Skjalnr. 5145

560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. júní 2019 var lögð fram umsókn Yrki arkitekta ehf. dags 21. júní 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 24 við Borgartún. Í breytingunni felst í meginatriðum að heimilt verður niðurrif eldri frambyggingar á lóðinni og stækkun bílajakjallara undir henni. Bundið er að nýbyggingin leggist í sömu línu að Borgartúni og sé hornskorin á horni Borgar- og Nóatúns á 1. og 2. hæð, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 12. júní 2019, breytt 16. ágúst 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1231/2018.

2. **Hólmasund 2, breyting á deiliskipulagi** (01.411.1) Mál nr. SN190434
Skjalnr. 14130

420369-6979 Brynja, Hússjóður Öryrkjabandalag, Hátúni 10c, 105 Reykjavík

560496-2739 Arkitektar Laugavegi 164 ehf, Laugavegi 164, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Arkitekta Laugavegi 164 ehf. dags. 17. júlí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Þróttarsvæðis vegna lóðarinnar nr. 2 við Hólmaslóð. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður til austurs til að rúma tækjageymslu annarsvegar og sorp- og hjólageymslu hinsvegar, samkvæmt uppdr. Arkitekta Laugavegi 164 ehf./Glámu Kím dags. 16. júlí 2019.

Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

3. **Hrafnhólar, Gróðurhús** (00.032.000) Mál nr. BN056410
Skjalnr. 12936

621208-1790 Monóna ehf., Þingholtsstræti 16, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. júlí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. júlí 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að reisa tvö gróðurhús, hvort um sig um 2500 ferm að stærð ætluð til skógræktar og er staðsetning þeirra byggð á jarðvegskönnun og veðurmælingum á jörðinni Hrafnhólar á Kjalarnesi, samkvæmt uppdráttum VA arkitekta ehf. dags. 25. júní 2019. Einnig er lagt fram bréf Salvara Jónsdóttur f.h. eigenda Hrafnhóla dags. 11. júlí 2019 ásamt

uppdrætti/afstöðumynd VA arkitekta ehf. dags. 25. júní 2019 br. 11. júlí 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Erindi fylgir minnisblað Veðurvaktarinnar dags. 24. júní 2019. Gjald kr. 11.200

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir að landeiganda að Þverárkoti-Einnig verður sent bréf til Mosfellsbæjar til kynningar þar sem framkvæmdin tekur til svæðis sem liggur að mörkun aðliggjandi sveitarfélaga.

Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

4. **Kistumelur 6-8, (fsp) breyting á** (04.533.8) Mál nr. SN190460

deiliskipulagi

Skjalnr. 11760

681272-0979 VSÓ Ráðgjöf ehf., Borgartúni 20, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. ágúst 2019 var lögð fram fyrirspurn VSÓ ráðgjafar ehf. dags. 30. júlí 2019 ásamt bréfi Fagverks verktaka ehf. dags. 30. júlí 2019 um breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis á Esjumelum vegna lóðarinnar nr. 6-8 við Kistumel sem felst í að heimilt verði að byggja og starfrækja malbikunarstöð á lóðinni. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. ágúst 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 23. ágúst 2019, samþykkt.

5. **Lambhagavegur 23, breyting á** (02.684.1) Mál nr. SN190462

deiliskipulagi

Skjalnr. 12236

411286-1349 Lambhagavegur 23 ehf., Lambhagavegi 23, 113 Reykjavík

Helgi Hafliðason, Stuðlasei 44, 109 Reykjavík

Lögð fram umsókn Helga Hafliðasonar dags. 30. júlí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Lambhagalands með síðari breytingum vegna lóðarinnar nr. 23 við Lambhagaveg. Í breytingunni felst að byggingarlína íbúðarhúss er færð 2 metra til vesturs, samkvæmt uppdr. Helga Hafliðasonar dags. 8. júlí 2019.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Lambhaga 21.

Vakin er athygli á að umsækjandi þarf að greiða fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram skv. 7.6. gr. sbr. 12. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

6. **Laugavegur sem göngugata,** Mál nr. SN190399

skipulagslýsing, skipulagslýsing

Skjalnr. 6554

Að lokinni kynningu er lögð er fram að nýju lýsing skipulagsfulltrúa, dags. 28. júní 2019, vegna nýs deiliskipulags fyrir Laugavegin sem göngugötu sem er í samræmi við samþykkt Borgarstjórnar Reykjavíkur. Markmið og tilgangur er að skipuleggja varanlegar göngugötur á Laugavegi, Bankastræti og Skólavörðustíg. Unnið er samhliða því að forhönnun og undirbúningi í samráði við hagsmunaaðila. Ákveðið verður í framhaldinu hvort unnið verði eitt heildstætt skipulag fyrir götukaflana, eða svæðið búið niður í áfanga. Lýsing var kynnt frá 31. júlí 2019 til og með 21. ágúst 2019. Eftirtalдар stofnanir sendu umsagnir: Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins dags. 7. ágúst 2019, Skipulagsstofnun dags. 8. ágúst 2019 og Veitur ohf. dags. 21. ágúst 2019.

Vísa til skipulags- og samgönguráðs.

7. **Vogabyggð svæði 1, framkvæmdaleyfi** (01.45) Mál nr. SN190474
Skjalnr. 13136
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019 var lögð fram umsókn Skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 14. ágúst 2019 um framkvæmdaleyfi á svæði 1 í Vogabyggð sem felst í lagningu nýrra vega og enduruppbyggingu gamalla vega. Einnig lagt fram teikningasett VSO ráðgjafar ehf. dagsett júlí 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2019.
- Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2019. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í . gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*
8. **Vogabyggð svæði 5 - Skólþælustöð, breyting á deiliskipulagi** (01.45) Mál nr. SN190476
Skjalnr. 13136
Sigríður Magnúsdóttir, Hávallagata 21, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019 var lagt fram umsókn Sigríðar Magnúsdóttur dags. 15. ágúst 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæði 5. Í breytingunni felst að stækka lóð skólþælustöðvar um 150m² (úr 900m² í 1050m²) og minnka um leið athafnarsvæði smábáta úr 25.555m² í 25.415m² ásamt því að stækka mannvirki skólþælustöðvarinnar að flatarmáli (úr 300m² í 500m²) og rúmmáli, hæð þess getur orðið 9 metra hátt frá jörðu. Ásamt því að skilgreina nýja kvöð utan lóðar skólþælustöðvar um grafrarétt, landmótun og göngustíg við lóð skólþælustöðvar samkvæmt uppdrætti jvantspijker og Teiknistofunnar Traðar dags. 15. ágúst 2019. Erindinu var vísað til meðferðar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. *Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
- Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018, áður en breytingin er auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.*
9. **Tómasarhagi 42, Kvistur endurnýjaði - svalir í þak** (01.545.107) Mál nr. BN056101
Skjalnr. 14124
Geir Gunnlaugsson, Tjarnargata 16, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. ágúst 2019 þar sem sótt er um leyfi til að stækka kvisti á vestur- og austurhlið og setja upp nýjar svalir á þak við báða kvistina á húsi á lóð nr. 42 við Tómasarhaga. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. ágúst 2019.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 8. apríl 2019. Stækkun: 3,3 ferm., 10,4 rúmm. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. maí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019. Gjald kr. 11.200
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. ágúst 2019. Samræmist deiliskipulagi.
10. **Urðarbrunnur 32, breyting á deiliskipulagi** (05.054.6) Mál nr. SN190312
Skjalnr. 14015
Örn Helgason, Langagerði 120, 108 Reykjavík

010372-3569 Magnús Albert Jensson, Langagerði 88, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. júní 2019 var lögð fram umsókn Magnúsar Jenssonar dags. 20. maí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 32 við Urðarbrunn. Í breytingunni felst að innkeyrsla sunnanmegin á lóð færist norðanmegin, samkvæmt uppdr. Magnúsar Jenssonar dags. 20. maí 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Leiðrétt bókun.

Bókað var á fundi skipulagsfulltrúa dags. 19. júlí 2019: Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Rétt bókun er: Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Urðarbrunni 30.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv.gr. 7. 6. og gr. 12 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

11. **Urðarbrunnur 128, (fsp) nýbygging** (05.054.2) Mál nr. SN190479
Skjalnr. 12117
Arnar Bragason, Krummahólar 2, 111 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Arnars Bragasonar dags. 19. ágúst 2019 varðandi nýbyggingu á lóð nr. 128 við Urðarbrunn, samkvæmt uppdr. Arnars Bragasonar ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
12. **Austurgerði 10, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.837.1) Mál nr. SN190468
Skjalnr. 13857
Friðrik Friðriksson, Kelduhvammur 6, 220 Hafnarfjörður
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019 var lögð fram fyrirspurn Friðriks Friðrikssonar dags. 7. ágúst 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi á lóðinni nr. 10 við Austurgerði. Breytingin felst í stækkun byggingareits til suðurs. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. ágúst 2019.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 23. ágúst 2019.
13. **Brautarholt 18, Bætt við einni hæð - smáíbúðir og verslun** (01.242.206) Mál nr. BN056162
Skjalnr. 5159
650613-1200 Upphaf fasteignafélag slhf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
660214-0380 LL09 ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja inndregna 5. hæð ofan á hús og innréttu 22 íbúðir á 2. - 5. hæð, stækka glugga, koma fyrir svölum, byggja stiga- og lyftuhús og hjóla- og vagnageymslur sem verða sameiginlegar með húsi nr. 20 á baklóð húss á lóð nr. 18 við Brautarholt. Einnig er lagður fram lóðauppdráttur dags. 19. júlí 2019 og breytingarblað umhverfis- og skipulagssviðs dags. 11. apríl 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. ágúst 2019.
Erindi fylgir greinargerð hönnuða um ábyrgðarsvið dags. 8. apríl 2019, heildarleiðnitap dags. 16. janúar 2019 og greinargerð hönnuða dags. 30. apríl 2019. Stækkun: xx ferm., xx rúmm. Eftir stækkun, mhl. 01: 1.379,8 ferm., 4.861,8 rúmm. Mhl. 02: 132,3 ferm., 377 rúmm. Gjald kr. 11.200
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Laugavegi 164, 166, 168, 170, 172 og 174, Brautarholti 16 og 22 og Skipholti 15, 17 og 19.
14. **Brautarholt 20, Breyting utanhúss og bætt við einni hæð** (01.242.207) Mál nr. BN056161
Skjalnr. 5931
650613-1200 Upphaf fasteignafélag slhf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
660214-0380 LL09 ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja inndregna 5. hæð ofaná hús og innrétta 42 íbúðir á 2. - 5. hæð, stækka glugga, koma fyrir svölum, byggja stiga- og lyftuhús og hjóla- og vagnageymslur sem verða sameiginlegar með húsi nr. 18 á baklód húss á lóð nr. 20 við Brautarholt. Einnig er lagður fram lóðauppdráttur dags. 19. júlí 2019 og breytingarblað umhverfis- og skipulagssviðs dags 11. apríl 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. ágúst 2019.

Erindi fylgir bréf hönnuða um skipulagsforsendur dags. 4. janúar 2018 og minnisblað um brunamál dags. 19. febrúar 2018. Stækkun: xx ferm., xx rúmm. Eftir stækkun, mhl. 01: 2.768,5 ferm., 9.829,2 rúmm. Mhl. 02: 41,4 ferm., 123,3 rúmm. Gjald kr. 11.200

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Laugavegi 164, 166, 168, 170, 172 og 174, Brautarholti 16 og 22 og Skipholti 15, 17 og 19.

15. **Grensásvegur 8-10, 10 - Breyta skrifstofum í** (01.295.305) Mál nr. BN056496
íbúðir 2.-4.hæð Skjalnr. 5156
630216-1680 E - fasteignafélag ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. júlí 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta 2.-4. hæð í íbúðir, byggja svalir á vesturhlíð 2. og 3.hæðar, innbyggðar svalir með svalalokunum á austurhlíð og inndregnar þaksvalir meðfram langhlíðum skrifstofu- og þjónustuhúsnæðis nr. 10, mhl 06, á lóð nr. 8-10 við Grensásveg.
Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
16. **Skólavörðustígur 8, Biljarðstofu með** (01.171.206) Mál nr. BN056516
vínveitingaleyfi Skjalnr.
650701-2320 Northern star á Íslandi ehf., Njálsgötu 59, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. ágúst 2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir biljarðstofukrá með vínveitingaleyfi, veitingastað í flokki II tegund F, í rými 03-0201 í húsi á lóð nr. 8 við Skólavörðustíg.
Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
17. **Kaplaskjólsvetur 27-35, 35 - Áður gerður** (01.525.005) Mál nr. BN056464
sólskáli - svalir Skjalnr. 8361
Ólafur Teitur Guðnason, Kaplaskjólsvetur 35, 107 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. ágúst 2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum sólskála og leyfi til þess að útbúa svalir ofan á þak skálans sem stendur við suðurhlíð mhl. 06, raðhúss nr. 35 á lóð nr. 27-35 við Kaplaskjólsvetur.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda raðhúss nr. 33 og 33A dags. 27. júní 2019. Gjald kr. 11.200
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Kaplaskjólsveti 27, 29, 31, 33, 33a og 37-43.
- Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*
18. **Langholtsvegur 92, Kvistur - svalir** (01.430.004) Mál nr. BN056282
Skjalnr. 14057
Herdís Anna Þorvaldsdóttir, Hverafold 40, 112 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgangslufundi byggingarfulltrúa frá 20. ágúst þar sem sótt er um leyfi til þess að gera kvist og svalir sem flóttaleið frá þakrymi sem áður var geymsla, en breyta á í íbúðarrými og baðherbergi í húsi nr. 92 við Langholtsveg.

Stærðir: xxx, ferm., xxx rúmm. Útskrift úr gerðabók embættisafgangslufundar skipulagsfulltrúa frá 28. júní 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. júní 2019. Einnig fylgir bréf hönnuðar dags. 27. maí 2019. Gjald kr. 11.200. Einnig er lögð fram leiðrétt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. ágúst 2019.

Samþykkt er leiðrétt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. ágúst 2019 og einnig er samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Langholtsvegi 90 og 94.

Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

19. **Teigasel 1-11, (fsp) breyting á lóðamörkum** (04.934.0) Mál nr. SN190465
Skjalnr. 13068
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgangslufundi skipulagsfulltrúa 9. ágúst 2019 var lögð fram fyrirspurn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 30. júlí 2019 um breytingu á lóðamörkum lóðarinnar nr. 1-11 við Laugateig vegna afmörkunar leiksvæðis. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt tölvupósti skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 13. ágúst 2019 þar sem fyrirspurn er dregin til baka.
Erindi dregið til baka sbr. tölvupóst umsækjanda dags. 13 ágúst 2019.
20. **Grensásvegur 22, 24 og 26, sameining lóða** (01.801.2) Mál nr. SN190477
o.fl. Skjalnr. 12978
590907-1030 GRÍMA ARKITEKTAR ehf., Hlíðarási 4, 221 Hafnarfjörður
Lögð fram umsókn Grímu Arkitekta ehf. dags. 16. ágúst 2019 um sameiningu lóða nr. 24 og 26 við Grensásveg og gera nýjan byggingarreit við suðurgafli hússins á lóð nr. 26 við Grensásveg ásamt því að heimilt er að byggja einnar hæðar byggingu með þaksvölum og koma fyrir veggsvölum á 3. hæð á reitnum, samkvæmt uppdretti Grímu Arkitekta ehf. dags. 16. ágúst 2019. Einnig er lögð fram eldri umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. mars 2019.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
21. **Laugavegur 20B, breyting á deiliskipulagi** (01.171.5) Mál nr. SN190205
Skjalnr. 6844
470605-1460 Stórval ehf, Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík
431005-0690 P ARK teiknistofa sf, Laugavegi 59, 101 Reykjavík
Á embættisafgangslufundi skipulagsfulltrúa 28. júní 2019 var að lokinni auglýsing lögð fram að nýju umsókn Páls V. Bjarnasonar dags. 22. mars 2019, breytt 16. ágúst 2019, varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.5, Laugavegs- og Skólavörðustígsreitir, vegna lóðarinnar nr. 20B við Laugaveg. Í breytingunni felst hækkun á nýtingarhlutfalli lóðar, reisa einnar hæðar viðbyggingu á bakhlið hússins með þaksvölum og gera inndregna þakhæð, tengibyggingu á millibyggingu milli hornhúss og risshúss, með kvisti til suðurs úr mænispaki sem veitir aðgang að þaksvölum sem verða yfir endahúsinu, samkvæmt uppdr. P ARK teiknistofu sf. dags. 22. mars 2019. Einnig er lagðar fram umsagnir Minjastofnunar Íslands dags. 12. nóvember 2018 og 25. mars 2019 og umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 5. desember 2018. Tillagan var auglýst frá 13. maí til og með 24. júní 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Guðlaugur Örn Þorsteinsson dags 23. júní 2019. Erindinu var vísað til meðferðar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt skuggavarpuppdráttum dags. 16. ágúst 2019.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
22. **Öðinsgata 5, (fsp) gististaður í flokki II** (01.181.0) Mál nr. SN190478
Skjalnr. 6447
Sólveig Guðmundsdóttir, Melahvarf 7, 203 Kópavogur

Lögð fram fyrirspurn Sólveigar Guðmundsdóttur dags. 16. ágúst 2019 um rekstur gististaðar í flokki II á lóð nr. 5 við Óðinsgötu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. ágúst 2019.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

23. **Köllunarklettsvegur 3 og 5, (fsp)** (01.328) Mál nr. SN190326
uppbygging Skjalnr. 7615
671106-0750 Þingvangur ehf., Bergstaðastræti 73, 101 Reykjavík
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. júní 2019 var lögð fram fyrirspurn Plúsarkitekta ehf. dags. 24. maí 2019 varðandi uppbyggingu íbúðarhúsnæðis til skammtímanota á lóð nr. 3 og 5 við Köllunarklettsveg, samkvæmt tillögu Plúsarkitekta ehf. dags. 1. apríl 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
24. **Köllunarklettsvegur 3 og 5, bréf** Mál nr. US190176
Faxaflóahafna Skjalnr.
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. júní 2019 var lagt fram bréf Faxaflóahafna dags. 17. maí 2019 þar sem óskað er eftir umsögn varðandi íbúðarhúsnæði til skammtímanota á Köllunarklettsvegi 3-5. Erindinu var vísað til meðferðar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
25. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, íbúðarbyggð og blönduð byggð, breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur** Mál nr. SN190323
Skjalnr. 5987
Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju verklýsing umhverfis- og skipulagssviðs dags. 1. maí 2019 vegna fyrirhugaðrar tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Íbúðabyggð og blönduð byggð 2010-2030/2040. Í tillögunni felst endurmat á forgangsröðun og þéttleika uppbyggingar á grundvelli markmiða um breyttar ferðavenjur, uppbyggingu Borgarlínu og stefnu í loftlagsmálum. Einnig eru lagðir fram viðaukar og matslýsing VSÓ ráðgjafar dags. 22. maí 2019. Kynning stóð til og með 12. ágúst 2019. Eftirtaldar stofnanir sendu umsagnir/athugasemdir: Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 4. júlí 2019, Garðabær dags. 4. júlí 2019, Bláskógarbyggð dags. 4. júlí 2019, Mosfellsbær dags. 5. júlí 2019, Minjastofnun Íslands dags. 18. júlí 2019, Skipulagsstofnun dags. 19. júlí 2019, Vegagerðin dags. 1. ágúst 2019, Kópavogsbær dags. 2. ágúst 2019, Orkustofnun dags. 13. ágúst 2019 og Umhverfisstofnun dags. 12. ágúst 2019.
Vísað til meðferðar hjá deildarstjóra aðalskipulags.
26. **Hafnarfjörður, aðalskipulag, breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025** Mál nr. SN190416
Skjalnr.
590169-7579 Hafnarfjarðarkaupstaður, Pósthólf 100, 222 Hafnarfjörður
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. júlí 2019 var lagt fram bréf Hafnarfjarðarbæjar dags. 28. júní 2019 þar sem óskað er eftir umsögn á skipulagslýsingu vegna breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 - Þjóðlenda, breytt mörk sveitarfélagsins og einnig fyrir nýtt deiliskipulag við Leiðarenda. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. ágúst 2019.
Umsögn deildarstjóra aðalskipulags, dags. 23. ágúst 2019, samþykkt.
27. **Hvalfjarðarsveit, skipulagslýsing fyrir aðalskipulag** Mál nr. SN190447
Skjalnr. 12433
630606-1950 Hvalfjarðarsveit, Innrimel 3, 301 Akranes

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. ágúst 2019 var lagt fram erindi skipulags- og umhverfisfulltrúa Hvalfjarðarsveitar dags. 19. júlí 2019 þar sem kynnt er skipulagslýsing fyrir aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032. Í lýsingartillögunni leggur sveitarstjórn áherslu á að marka skýra stefnu um atvinnuuppbyggingu í tengslum við iðnað, ferðaþjónustu og landbúnað. Endurskoðun á stefnu er varðar íbúðar- og frístundabyggð, samgöngur og verndarsvæði. Erindinu var vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 23. ágúst 2019.

Umsögn deildarstjóra aðalskipulags, dags. 23. ágúst 2019, samþykkt.

28. **Kópavogur, skipulagslýsing - breyting á aðalskipulagi Kópavogs 2012- 2024 og nýtt deiliskipulag**

Mál nr. SN190297
Skjalnr. 8439

700169-3759 Kópavogsbær, Digranesvegi 1, 200 Kópavogur

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. maí 2019 var lagður fram tölvupóstur Kópavogsbæjar, skipulagsstjóra Kópavogs, dags. 15. maí 2019 þar sem óskað er eftir umsögn á skipulagslýsingu dags. 29. apríl 2019 vegna framkominnar tillögu um breytingu á gildandi aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 og tillögu að deiliskipulagi á sama svæði. Í breytingunni felst að skilgreindur er nýr þróunarreitur, Traðarreitur-austur, fyrir þéttingu byggðar. Erindinu var vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn deildarstjóra aðalskipulags. 23. ágúst 2019.

Umsögn deildarstjóra aðalskipulags, dags. 23. ágúst 2019, samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:30.

Björn Axelsson,

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir